



Íslenska 4. bekkur 2024-2025

Í íslensku verður unnið eftir hæfniviðmiðum Aðalnámskrár fyrir 1. - 4. bekk. Þeir námbættir sem unnið er með eru:

- Lestur og bókmenntir
- Málfræði
- Talað mál, hlustun og áhorf
- Ritun

Kennsluáferðir

Íslenskukennsla fer fram í paravinnu og í stöðvavinnu sem er fjölbreytt og lifandi. Nemendum er skipt í mismunandi hópa. Í hverri viku eru skipulagðar ólíkar stöðvar og vinna nemendur í ca. 25 -30 mín. á hverri stöð. Notast er við beina kennslu, skapandi verkefni, kynningar, vettvangsferðir, spil, leiki, samvinnunám unnið í stöðvavinnu, ratleikjum og ýmsum leikjum og gagnvirk verkefni unnin á spjaldtölvur og Chrome tölvur. Þar að auki er mikil áhersla lögð á lestur, lesskilning og hlustun. Yndislestur og Píb- lesið upphátt fyrir kennara, er nokkrum sinnum í viku og Pals lestrarþjálfun þrisvar í viku í 12 vikur. Lesið er fyrir nemendur í nestistímum. Tjáning, tal og söngur er þjálfað í TTS tímum hjá tónlistakennara einu sinni í viku.

Námsefni og gögn

Lesrún 2, Skrift 4, Orð og setningar, Málsgreinar og mas, Halló heimur 2, frjálslestrarbækur, heimalestrarbækur, ýmis kennsluforrit, námsefnisvefir, leikir, spil, þrautir og fjölbreytt verkefni úr ýmsum áttum.

Námsmat

Áhersla er lögð á leiðsagnarnám þar sem nemendur eru þátttakendur í námsmatsferlinu og endurgjöf er regluleg. Leiðsagnarnám hefur skýran tilgang, er greinandi, jákvætt og gagnlegt. Tilgangurinn er að nemendur geti notað endurgjöfina til að meta hvort þeir hafi náð árangri.

Einnig verða lagðar fyrir kannanir, matslistar, skimanir og próf og hæfni færð inn í hæfnikort nemenda.

Kennari – Berglind Snorradóttir